

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Listasafn Sigurjóns Ólafssonar nr. 592 30. nóvember 1989.

Stjórn Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina, sem staðfest var 30. nóvember 1989:

Við 4. gr. bætist einn liður er verði i-liður og orðist svo:

(i) að stuðla að verndun á náttúrulegu umhverfi safnsins og búsetulandslagi á Laugarnesi.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Listasafn Sigurjóns Ólafssonar staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. nóvember 2002.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

---

*Faney Óskarsdóttir.*